


Leiðbeiningar – Kennarar

Valvika – Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara

Í valvikunni staðfesta dagskólanemendur umsókn um skólavist á næstu önn.


Nemendur verða að mæta í viðtalstíma umsjónarkennara síns, yfirfara með honum áfangaval sitt fyrir næstu önn og staðfesta valið. Einnig er mikilvægt að greiða í heimabanka staðfestingargjald skólagjalda sem er kr. 5000. Bæði nemendur og umsjónarkennar staðfesta valið í Innu.

Yfirlit yfir skráða umsjónarnemendur



Umsjónarnemendur - Staðfest val


Yfirlit yfir umsjónarnemendur sýnir m.a. hvenær val var síðast staðfest og af hverjum. Nemandi og umsjónarkennari fara yfir námsferilinn og staðfesta valið í Innu.



Staðfesta val - Námsferill nemenda

Í þessum glugga eru allar aðgerðir, hægt að breyta, eyða eða bæta við áfanga, og færa áfanga á milli anna. Til þess að færa áfanga á milli anna er hann einfaldlega dreginn á milli en einnig er hægt að smella á „Bæta við áfanga.“


Val nemandans er staðfest og bæði nemandi og umsjónarkennari staðfesta.



The screenshot shows the INNA web application interface. At the top, there are navigation tabs for 'Stundatafla', 'Verkefni og próf', 'Áfangar', and 'Annað'. The user is logged in as 'Námsferill -'. Below this, there are fields for 'Nemandi', 'Kennitala', 'Netfang', and 'Braut'. The main content area is titled 'Námsferill' and displays a grid of subjects for semesters 2016H through 2019V. A yellow box highlights the 'Staðfesta val' button next to the 2018V subject 'DANS2BM05AT'.

Að bæta við áfanga

Valmyndin ef þarf að bæta við áfanga á önn.




The screenshot shows a modal dialog box titled 'Bæta við áfanga'. It contains a dropdown menu for 'Áfangi' with 'AHS3A3K' selected. Below this, it shows 'Valinn áfangi: AHS3A3K Fata- og búningasaga', 'Einingar: 3', and 'Undanfærar:'. There is a 'Val' dropdown set to 'Aðalval' and a 'Röð vals' input field. At the bottom right, there are 'Vista' and 'Loka' buttons. A red arrow points to the 'Bæta við áfanga' button in the background interface.

Brautaskipti

Brautaskipti eru gerð rafræn í Innu. Athugið að umsjónarkennari getur ekki sótt um brautaskipti fyrir nemendur á sínum aðgangi í Innu.

Eftirfarandi eru leiðbeiningar fyrir nemanda: Smellt er á “Brautaskipti” til að komast á síðuna þar sem brautaskipti fara fram. Þegar komið er inn í gluggann sjást upplýsingar um núverandi braut vinstra megin og svo fellilisti með námsbrautum hægra megin.

- Hægt er að skrá athugasemd með umsókn um brautaskipti. Þegar búið er að velja braut (og skrá athugasemd ef vill), og valið er vistað.
- Hægt er að breyta brautaskiptaumsókn með því að smella á sama hlekk, gera breytingar og það yfirskrifar fyrra val.



Umsókn um brautaskipti

Núverandi braut: Margmiðlunarskólinn MM15
 Einingar alls á braut: 120
 Dags byrjað á braut: 03.08.2017

Umsókn um brautaskipti á braut:

Athugasemd sem á að fylgja umsókn: